



Aðalskipulag Hornafjarðar

Höfn í nútíð og framtíð

Samantekt um íbúafund á Höfn

Október 2023



ATA

Efnisyfirlit

1 Inngangur	3
1.1 Íbúafundur á Höfn	3
1.2 Fyrirkomulag fundarins	3
1.3 Uppbygging samantektarinnar	4
2 Meginefni umræðna	5
2.1 Byggðarmynstrið	5
2.2 Bæjarmyndin	5
2.3 Atvinnulíf og þjónusta	6
2.4 Umhverfi og útivist	6
2.5 Gatnakerfi og stígar	7
3 Nánara yfirlit umræðuefna	9
3.1 Byggðarmynstur	9
3.2 Íbúðarsvæði	11
3.3 Bæjarmynd	12
3.4 Atvinnulíf og samfélagsþjónusta	13
3.5 Umhverfi, loftslagsbreytingar og útivist	15
3.6 Gatnakerfi, stígar og bílastæði	18
4 Viðhaldsverkefni	20

A1609-063-U01

www.alta.is

alta@alta.is

alta

1 Inngangur

1.1 Íbúafundur á Höfn

Á vel sóttum íbúafundi í Vöruhúsinu á Höfn þann 12. október 2023 var nútíð og framtíð bæjarins til umræðu. Fundurinn var hluti af endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Um 50 manns tóku þar þátt í líflegum umræðum sem skiluðu heilmiklu efni fyrir skipulagsráðgjafa og umhverfis- og skipulagsnefnd að vinna úr. Efnið verður nýtt við að móta tillögur að markmiðum og skipulagsákvæðum í nýju aðalskipulagi. Í þessari samantekt er yfirlit yfir hugmyndir og sjónarmið sem komu fram í umræðunum.

Hornafjarðarbær þakkar þátttakendum fyrir þeirra mikilvæga framlag og hvetur íbúa alls sveitarfélagsins til að fylgjast með framgangi endurskoðunar aðalskipulags á [aðalskipulags-vefnum](#). Senda má inn hugmyndir og sjónarmið hvenær sem er á meðan nýtt aðalskipulag er í mótnun. Þær sendist á netfangið adalskipulag@hornafjordur.is.



1.2 Fyrirkomulag fundarins

Fundurinn hófst á [kynningum](#) frá skipulagsráðgjöfum Alta. Fjallað var um hlutverk aðalskipulags, nálgun við endurskoðunina og skipulagsferlið sem nú er yfirstandandi. Þá var Höfn í nútíð lýst, og sagt frá greiningu á umhverfi og skipulagi Hafnar og helstu sérkennum, styrkleikum og tækifærum. Loks var fjallað um Höfn í framtíð og sagt frá drögum að markmiðum fyrir þéttbýlið sem snúast um að Höfn verði enn fallettri,

náttúrulegri, aðgengilegri, skemmtilegri og öflugri bær.

Þá tók við umræðuhluti fundarins. Umræðuborðin voru sjö og við hvert borð sátu 6-7 fundargestir auk borðstjóra. Þátttakendum var boðið að velja sér borð eftir sínu áhuga-sviði en á hvert borð voru lögð vinnublöð með einni af eftirfarandi spurningum:

- Fallettur bær: Hvernig bætum við heildarmyndina?
- Náttúrulegur bær: Hvernig verður bærinn loftslagsþolinn, vistvænn og enn betri til útivistar?
- Aðgengilegur bær: Hvernig stuðlum við að sem bestum aðstæðum fyrir alla ferðamata?
- Skemmtilegur bær: Hvernig bætum við umhverfið m.t.t. búsetu, mennta, heilbrigðis, leikja, íþróttar, samveru, og daglegra athafna og upplifana?
- Öflugur bær: Hvernig búum við sem best að atvinnustarfsemi og hvernig verður kjarni bæjarins líflegur?

Á vinnublöðunum voru einnig nokkrar undirspurningar til að kveikja umræður. Umræðulotan hófst á því að þátttakendur skrifuðu allar hugmyndir sínar á gula miða. Síðan gengu þeir hringinn og útskýrðu hugmyndir og skiluðu miðanum á vinnublaðið. Eftir 25 mínútna umræður var boðið upp á súpu og brauð og þá var fólk beðið að velja sér borð með nýju viðfangsefni og hefja aðra umræðulotu sem var með sama sniði og sú fyrri. Eftir seinni umræður deildu borðstjórnarnir völdum skilaboðum frá sínu borði.



1.3 Uppbygging samantektarinnar

Í 2. kafla er meginefni umræðnanna dregið saman til að gefa stutt yfirlit yfir það helsta sem þátttakendur á fundinum bentu á. Þær ábendingar eru dregnar saman á skýringarkort sem birt er í kaflanum. Helstu hugmyndir fundargesta sem sneru að notkun ákveðinna svæða hafa verið merktar inn á kort sem birt er í lok kaflans.

Í 3. kafla er ítarlegra yfirlit yfir allar ábendingar sem komu fram. Ábendingarnar hafa verið dregnar saman og flokkaðar eftir innihaldi og falla sumir punktar undir fleiri en einn flokk. Kort í kaflanum eru úr [glærukynningu Alta](#) á fundinum.

Í 4. kafla hafa verið dregnar út þær ábendingar sem snúa ekki beint að endurskoðun aðalskipulags en geta gagnast sveitarfélaginu á annan hátt, til dæmis við forgangsroðun viðhaldsverkefna.



2 Meginefni umræðna

Hér eru dregin saman meginskilaboð fundargesta í stuttu máli.

2.1 Byggðarmynstrið



Fundargestir voru almennt sammála um að það þyrfti að minnka **pungaflutninga** í gegn um bæinn. Skiptar skoðanir voru um hvort það ætti að gera með því að færa þjóðveginn austur fyrir bæinn eða með því að færa athafnasvæði norður fyrir bæinn. Margir kölluðu eftir **blandaðri byggð** í staðinn fyrir athafnasvæði við Heppu og miðsvæði.

Mikið var rætt um hvernig bæta má ásýnd **athafnasvæða** og nýta verðmæt svæði betur, s.s. samnýtingu svæða, vöruhótel og færslu athafnasvæða norður fyrir „pípuhlið“.

Rætt var um **kjarna bæjarins** og hvernig má styrkja hann. Heppa var oft nefnd sem góður miðbær með fallett og aðlaðandi yfirbragð. Einnig fjallaði fólk um atriði sem gera kjarna bæjar öflugan. Ýmsar áhugaverðar ábendingar sneru að staðsetningu **íbúðarsvæða og verslunar og þjónustu**. Til dæmis má nefna íbúðarbyggð í Óslandi, að þetta byggð í undir 10 mínútna göngufjarlægð frá kjarna, vistþorp í Mikley, aukna þjónustu í innbæ og stýringu minni verslana og veitingastaða að Heppu.

Margir fundargestir lýstu yfir áhuga á **þéttingu byggðar** og aukinni þjónustu í hverfum eða í göngufjarlægð frá hverfum. Fjölmargar ábendingar sneru að áherslum við hönnun **íbúðabyggðar**, til að mynda fjölbreyttar húsagerðir og íbúðarstærðir sem henta öllum aldurshópum og blönduð byggð.

2.2 Bæjarmyndin



Fundargestum var umhugað um **bæjarmyndina**. Ábendingar sneru m.a. að byggingarstíl, skilmálum, gróðri, sjónlínnum og sérkennum bæjarins, og skreytingum og umhirðu. Greinilegt er að áhugi er fyrir því að viðhalda gömlum yfirbragði í eldri hluta bæjarins. Einnig var mikil áhersla lögð á gróður. Bent var á tækifæri til að fegra **göturými** og afmarka betur.

2.3 Atvinnulíf og þjónusta



Fundargestum var umhugað um fjölbreytni **atvinnulífs, verslunar og þjónustu**. Þjónusta þurfi þarf að henta heimamönnum jafnt sem ferðafólki. Mikilvægi góðrar aðstöðu Aðstaða til fjarvinnu og stuðningur við nýsköpun, menningu og listir var einnig nefnt. **Gera þurfi þarf ungu fólki auðvelt að setjast að og búa á Höfn.**

Lögð var áhersla á að tryggja grundvöll **sjávarútvegsins** ásamt því að samtvinna atvinnulíf á bryggju við ferðafólk á öruggan hátt. Einnig var bent á að tryggja þurfi opna sjóleið og örugga og greiðfæra innsiglingu fyrir fjölbreyttan skipaflota.

Þá var rætt um **samfélagsþjónustu**. Mikill áhugi var á **íþróttasvæðinu** og bent var á fjölmargt sem mætti gera til að efla það. Meðal annars var bent á að samnýta betur skóla- og íþróttasvæði. Einnig bárust ábendingar um stafræna nálgun á söfn og menningarstarf, bættu aðstöðu til skólastarfs frá leikskóla að framhaldsskóla. Jafnframt var fjallað um bætt **aðgengi** að leikskóla og heilbrigðisþjónustu.

2.4 Umhverfi og útivist



Rætt var um **loftslagsbreytingar og vistkerfi** og bent var á blágrænar ofanvatnslausnir sem ákjósanleg aðgerð við aðlögun að aukinni úrkomuákefð. Auk þess var rætt um áskoranir vegna landriss, þörf á rannsóknum og vistvænan lífsstíl. Þá var bent á hreinsun fráveitu.

Mikið var rætt um **opin svæði**, bæði stór og smá og greinilegt að kallað er eftir betri og fjölbreyttari aðstöðu. Fram komu hugmyndir um nýtingu ákveðinna svæða og almennar áherslur fyrir þróun svæðanna, s.s. að skilgreina svæðin betur svo þau hafi hvert sitt sérkenni, sem og að nýta náttúrusérkennin við hönnun svæða til að skapa falleg og aðgengileg svæði við útsýnispunkta. Áhugi er fyrir því að vernda mikilvæg útivistarsvæði og vistkerfi, s.s. strandlínuna og Ægisíðu. Fjölmargar skemmtilegar ábendingar bárust um hvernig má bæta svæðin fyrir heilsársnotkun til útivistar og samveru. T.d. var bent á að mynda mætti nokkurs konar grænan trefil, en greinilegt er að Ægisíða er mikilvægt útivistarsvæði í hugum íbúa. Þátttakendur höfðu mikinn áhuga á að auka **gróður** í bænum, meðal annars til að skapa skjól á útivistarsvæðum. Huga þurfi að útsýni og líffræðilegri fjölbreytni við gróðursetningu.

Bent var á ýmislegt varðandi skipulag **minni almenningsrýma**, s.s. torga og svæða á milli húsa. Fjölbreytt not, gróður og góðar tengingar báru á góma. Margt kom fram um **leiksvæði og almenningsrými**. Sumir vilja færri og betri leiksvæði á meðan aðrir vilja að leiksvæði séu aðgengileg börnum í öllum hverfum. Margir töluðu fyrir almenningsgarði þar sem fólk á öllum aldri kemur saman, þar sem væri t.d. leiksvæði, skrudgarður og aðstaða fyrir samkomur.

2.5 Gatnakerfi og stígar



Nokkuð skiptar skoðanir voru um hvaða áherslur eigi að leggja við hönnun **gatnakerfis**. Sumir höfðu áhuga á hringakstri en aðrir vildu vilja takmarka hann. Flestir voru þó sammála um að draga eigi úr þungaumferð í bænum. Nokkrir minntu á almenna stefnu um vistvænar samgöngur og að draga úr notkun einkabíls. Einnig var óskað eftir því að þrengja götur sem eru ekki stofngötur eða þjóðvegur og lækka hámarkshraða niður í 30 km/klst á fleiri stöðum.

Fram koma að bæta mætti umferðaröryggi með því að þrengja götur aðrar en þjóðveg og taka fyrir að bílar leggi í götum.

Óskað var eftir **rútustæði** í útjaðri bæjar og sleppistæðum inni í bæ, til dæmis við Nettó og höfnina. Bent var á að fyrir framan þjónustuhúsnæði geti verið torg og áningarstaðir frekar en **bílastæði**. Bílastæði þurfi að vera vel tengd við stígakerfi sem leiðir fólk að þjónustu eða niður í bæ. Bæta megi ásýnd bílastæða með gróðri samanber bílastæði við Skreiðarskemmuna. Við almenningsbílastæði og opinberar byggingar eigi að vera hjólaskýli eða stæði.

Þátttakendur lögðu áherslu á mikilvægi þess að um bæinn liggi samfelld net **göngu- og hjólastíga**. Fjöl margar ábendingar komu fram varðandi aðstöðu við stíga, frágang og viðhald, og staðsetningu og notkun þeirra. Til dæmis var bent á mikilvægi lýsingar, að skjól sé skapað með gróðursetningu, að gert sé ráð fyrir fjölbreyttum ferðamáta, og að fækka skiptum sem fara þarf yfir götur.





Hugmyndir af íbúafundinum, sem varða tiltekin svæði.

3 Nánara yfirlit umræðuefna

Í þessum kafla eru gefið yfirlit yfir allt efni sem þátttakendur íbúafundarins skiluðu af sér. Ábendingarnar hafa verið dregnar saman og flokkaðar eftir innihaldi.

3.1 Byggðarmynstur



Þjóðvegur

- Láta nýjan veg fylgja jaðri Lyngeyjar og Ægissíðu en huga jafnframt að því hvaða útivistarsvæði kemur í staðinn.
- Færsla þjóðvegjar myndi bæta umferðaröryggi og upplifun fólks; akandi, hjólandi og gangandi.
- Flutningur athafnasvæða breytir þörf fyrir nýjan þjóðveg.

Athafnasvæði

- Stefna að því að blanda sem minnst iðnaði og þjónustu saman.
- Bæta nýtingu athafnasvæðis. Loka geymslusvæðum og færa út fyrir byggð og nýta núverandi svæði undir nútíma atvinnuuppbyggingu/nýsköpun, tækni og þjónustu.
- Iðnaður verði á tveimur til þremur stöðum og afmarkaður með grindverki eða gróðri.
- Fjarlægja gámasvæði, snyrtilegra svæði og

girða af. Gróðursetja í kringum hús og lóðir.

- Samnýting svæða.
- Nýta verðmæt svæði betur.
- Færa geymslulóðir frá kjarna byggðar. Nýtt athafnasvæði inn við Pípuhlið fyrir starfsemi sem krefst flutninga.
- Finna Vegagerðinni annan stað og nýta lóðina undir íþróttasvæði.
- Stýra iðnaði út í Ósland.
- Atvinnuhúsnæði næst Heppu verður léttur iðnaður og þjónusta.
- Vera óhrædd við að eldri iðnaðarhús utan framtíðarathafnasvæðis verði víkjandi.
- Vöruhótel, athafnasvæði bak við Z-bistro.
- Stýra þyngri iðnað og geymslu frá Heppu.
- Gera iðnaðar- og geymslusvæði lokuð eða með snyrtilegri ásýnd.
- Vantar betri aðstöðu til geymslu á hlutum og aðföngum. Gámasvæði ósnyrtilegt.

Staðsetning blandaðrar byggðar

- Blönduð byggð á núverandi athafnasvæði.
- Íbúðarbyggð og hótél á Óslandi.
- Svæðið frá Víkurbraut, Stangey, Lyngey, Leira, breytist úr athafnasvæði í blandaða byggð.
- Húsnæði undir opnar vinnustofur fyrir listafólk í sjálfbærum húsum í blandaðri byggð þar sem nú er athafnasvæði.

Kjarni

- Atvinnustarfsemi of dreifð í dag, þetta hana.
- Heppan góður miðbær. Þar eru fjölbreyttar og fallegar byggingar og mætti byggja fleiri hús í gömlum stíl í samræmi við núverandi byggð
- Ásinn milli Litlu-brúar og Heppu.
- Miðsvæði við sundlaugina fyrir viðburði.
- Í kjarna þarf fólk, íbúa og gesti. Kjarni bæjarins blómstrar þegar mikil fjölbreytni

er í atvinnulífinu.

- Nýr miðbær skapar ný tækifæri fyrir verslun og þjónustu svo sem smáverslanir og kaffihús.
- Öruggt og eftirsóknarvert miðsvæði, góðar tengingar við skólasvæði.
- Aðstaða til leiks í kjarna bæjarins.
- Glæsilegt almennings humartorg í nýjum miðbæ (sjávarþema).
- Skoða heildarmyndina þegar stórar byggingar eru staðsettar .
- Áningarstaðir og torg fyrir framan þjónustuhúsnæði frekar en bílastæði.
- Afmarka svæði betur, nýta verðmæt svæði, þetta byggð, auka gróður, meiri verslun til að styðja við ferðaþjónustu, skrifstofu- húsnæði, auka fjölbreytileika á Heppu.

Staðsetning verslunar og þjónustu

- Stýra stærrri verslunarhúsnæðum út að bæjarmörkum.
- Stýra minni verslunum og veitingaþjónustu í miðbæ við Heppu.
- Færa tjaldsvæði að Drápsklettum og gróðursetja þar og reisa íbúðarbyggð á núverandi tjaldsvæði.
- Líkamsrækt við sundlaug.
- Vatnsleikjagarð við sundlaug.

Staðsetning íbúðarsvæða

- Nýtt íbúðarsvæði milli Leiðarhöfða og Útbæjar, á landfyllingu í Mönguvík.
- Huga vel að því að vera 15-20 mínútna bær. Ýtir undir meira líf og hvetur til vistvænna samgangna.
- Íbúðasvæði IB9 - samkomustaðir, grill, leikur, gróður.
- Smáíbúðabyggð, kjarni með öllu sem því fylgir.
- Landfylling (Leirusvæði), íbúðarbyggð í Sílavík.
- Íbúðarbyggð á núverandi tjaldsvæði.
- Taka gistingu út úr íbúðarbyggð.


Opin svæði

- Fegra Akureyarplanið. Það hefur mikið aðdráttarafl og mikil tækifæri til

uppbyggingar.

- Kayak aðstaða við Leiðarhöfða - aðstaða til að geyma dót.
- Byggja upp á Leiðarhöfða sbr. verðlauna- tillögu.
- Hafa tjaldstæðið þar sem það er í dag.
- Tjaldsvæði við Drápskletta.
- Gera steinagarðinn við göngustíg meira aðlaðandi fyrir okkur öll, útigrill og yfirbygging.
- Svæði við steinagarð: jóga með jöklasýn.
- Hægt að skapa skemmtilega heildarmynd á leið út í Ægisíðu með t.d. lýsingu og aðstöðu til vetrarsports, gönguskíða, leikvelli, æfingasvæi, ratleik, grill, eldi, aðventustemningu, blakvelli. Bæta og efla eftirfarandi græn svæði fyrir heilsárs- notkun fyrir útivist og samveru.
- Svæði í kringum Hrossó og tjaldsvæði, Hrossó má nýta sem ævintýraland.
- Hrossó verði útivistarsvæði fyrir SVTT.
- Milli tjaldsvæðis og fiskhóls: útivistarsvæði með blágrænum lausnum og tjörnum.
- Gera meira úr Óslandinu, skapa betri aðstöðu til útivistar, lýsing, hjólastígar, grill, skautar.
- Opna svæðið við sundlaugina má bæta með náttúrulegu svæði sem má nota allt árið. Skemmtun og leiklist.
- Vernda náttúruleg svæði, þ.e. strandsvæði, hóla og Ægisíðu.
- Útivistarsvæði í Mikley og tenging við höfnina.
- Íbúarsvæði IB9: flottur nýr leikvöllur en þarf að laga aðkomu.
- Nýtt leiksvæði við Álaugarey fyrir allan aldur.
- Markviss uppbygging Hóteltúns sem almenningsgarðs.
- Litlir garðar af evrópskri fyrirmynd þar sem fólk kemur saman, börnin leika og eldra fólkið gengur um; félagsleg samvera.
- Góð en ekki endilega of mörg útivistar- svæði í gönguradíus í hverju hverfi.
- Tjörn sem verður skautasvæði. Gaggótjörn. Of langt fyrir krakka að fara út á Ósland. Tjörn í Hrossó er að myndast sjálfkrafa.

3.2 Íbúðarsvæði



Þétting byggðar með vel skipulagðar götur og gangstéttir

- Þetta byggð og auka þjónustu í 0-10 mínútna göngufjarlægð frá kjarna t.d. Ósland og iðnhverfið hjá gámabyggð.
- Uppbygging íbúðarbyggðar út frá núverandi kjarna bæjarins.
- Afþreying og þjónusta inni í bænum.
- Draga úr tómunum svæðum sem nýtast ekki.
- Gróðursetja og þetta byggð með húsum.
- Þéttum byggð með gróðri og byggingum sem passa byggðarmynstrinu við stofngötur.
- Hringlaga byggð; breikka bæinn, ekki lengja.

Íbúðarbyggð

- Fjölbreytt íbúðarbyggð með húsagerðum og stærðum fyrir alla aldurshópa. Fjölga litlum og meðalstórum eignum. Lágrest byggð með litlum íbúðum í bland við stærri fjölskylduhús. Fjölga litlum fjölbýlishúsum.
- Fallegar götur í blandaðri byggð.
- Smáhýsakjarni.
- Brú í Mikley og hafa þar græna byggð, sem er eingöngu fyrir gangandi og hjólandi íbúa.
- Íbúðarbyggð meðfram Hafnarbraut þar sem Ormurinn langi er.
- Taka gistingu út úr íbúðarbyggð.
- Falleg, fjölbreytt, litrík og hóflega há hús.

Aðrar ábendingar

- Halda athafnasvæðum frá íbúðarbyggð, ekki dreifa þeim um bæinn.
- Verbúðir.
- Meiri þjónusta í Innbæ.
- Byggja íbúðir meðfram Kirkjubraut.
- Íbúðarbyggð á lóðinni við Nettó.
- Færa tjaldsvæði og byggja íbúðarsvæði þar sem tjaldsvæði er.



3.3 Bæjarmynd



Byggingarstíll

- Veita styrki og fjármagn til að viðhalda gömlum blæ á húsunum.
- Falleg hús og sami byggingarstíll; mænis-hæð húsa.
- Samræma útlit í gamla bæ og annars staðar.
- Byggja hús í gömlum stíl í samræmi við byggð á Heppu.
- Litrík fjölbreytt hús.
- Hús við aðalgötur séu sérstaklega snyrtileg. Hvati: afsláttur af fasteignagjöldum.
- Samræmi í byggingum. Samræmi í svæðum og tengingum
- Skýrar byggingarreglur (skilmálar), t.d. er Leirusvæðið ósamstætt.
- Huga að sól og skjóli við nýbyggingar.

Gróður

- Fjölbreyttan gróður um allan bæ. Grænir treflar og gróðurbelti. Gróðurker á minni svæðum.
- Fjölæran gróður, minna viðhald.
- Viðhalda gróðri með markvissu starfi. Ráða landslagsarkitekt eða skrudgarðafraeðing. Tryggja fjármagn.
- Gróður til að skýla því sem er ekki fagurt, skýla fyrir vindi, bæta ásýnd gatna og hverfa. Bæta umhirðu gróðurs.
- Skjólgóð svæði án þess að skerða útsýni og líffræðilega fjölbreytni.

Sjónlínur og sérkenni byggðar

- Fegurð bæjarstæðisins hefur sérstöðu sem gæta þarf vel að.
- Gæta betur að sjónlínunum að náttúru og hafi, ekki byggja fyrir þær. Til dæmis sjónlínur þegar ekið er Silfurbraut til vesturs og af núverandi Hafnarsvæði í Óslandi.
- Huga að innkomu inn í bæinn.
- Huga að fortíðinni við skipulag framtíðarinnar; hver er okkar arfleifð?
- Verndun hóla og hæða sem eru einkennandi fyrir svæðið okkar, ekki endilega með friðun heldur tvinna inn í skipulag.
- Fleiri veggir sem eru hlaðnir, náttúrulegt einkenni.

Göturými

- Göturými má fegra.
- Íbúar leggi ekki bílum á götum, sérstaklega þar sem er mikil umferð.
- Götur og gangstéttir séu afmarkaðar öðru en bílastæðum.
- Þrengja götur sem eru ekki þjóðvegur.

3.4 Atvinnulíf og samfélagsþjónusta



Atvinnulíf, verslun og þjónusta

- Gera ungu fólki auðvelt að setjast að og búa á Höfn.
- Fjölgun atvinnutækifæra t.d. með fjölbreyttri verslun og þjónustu. Með fjölgun atvinnutækifæra þarf að búa vel að allri þjónustu sem því fylgir.
- Gerum fyrirtækjum aðgengilegt að hasla sér völl á þeim grundvelli sem hér er, sem er náttúran, sjávarútvegur, ferðamenska.
- Bæta þarf aðstöðu fyrir lítill og stór fyrirtæki, til dæmis í nýjum miðbæ. Þjóða mismunandi lóðir fyrir fjölbreytta uppbyggingu.
- Bæta fjölbreytileika í þjónustu og afþreyingu t.d. bakarí, bíó, leikhús, keila, lífflegur pöbb, fjölbreyttar verslanir, ísbúð, skyndibiti, betri og skemmtilegri útivistarsvæði og allskonar fyrir öll.
- Aukin þjónusta við ferðamenn en heimamenn þó aðallega.
- Horfa til atvinnustarfsemi m.t.t. breyttra aðstæðna vegna loftslagsbreytinga.

- Styðja við nýjungar og frumkvöðla.
- Fjarvinnuaðstaða, menning og listir.
- Netaðgengi mikilvægt, háhraði fyrir alla.
- Styðja nýsköpun og uppbyggingu í fjölbreyttu atvinnulífi.
- Fjölbreytt ferðapjónusta.
- Betra tjaldsvæði eða styrkja núverandi.
- Fleiri smáverslanir.

Hafnarstarfsemi

- Gott aðgengi fyrir flutninga til og frá.
- Gjaldfríar lóðir fyrir aðkomu báta.
- Skipuleggja dælingu úr höfninni m.t.t. til landfyllingar sem hægt er að nýta.
- Ósinn þarf að vera fær, grynnslin tæmd.
- Ferðapjónusta og hafnsækin starfsemi þurfa að ná jafnvægi svo báðar njóti.

Íþróttasvæði


- Uppbygging á íþróttamannvirkjum.
- Áhaldageymsla á íþróttasvæðinu eins og er á Sauðárkróki.
- Byggja inn í Ytri Garðshól áhaldageymslu þar sem stúkan er og stúkan fer.
- Íþróttahús sem rúmar sem fjölbreyttasta hreyfingu.
- Íþróttamannvirki sem félagsheimili sem hægt er að nota til skemmtana fyrir samfélagið.
- Öflugt íþróttasvæði sem svarar þörfum allra íbúa.
- Fimleikahús, gervigrasvöllur, stærra íþróttahús.
- Íþróttahús, almenn íþróttastundun, börn geti hlaupið á milli greina.
- Samnýting skóla- og íþróttasvæðis. Klára skipulag skóla- og íþróttasvæðis.
- Stór tré sem ramma af íþróttasvæðið og mynda skjól.
- Tryggja gott rými til íþróttaiðkunar og mannvirkja, tryggja tengingar milli íþróttagreina og samfélagstengingar s.s. við skóla, frístund, eldri borgara, sjúkrapjálfun, nudd og snyrtifræði.

Skólar


- Næg leikskólapláss.
- Mögulega byggja nýjan leikskóla á ÍB5.
- Aðstaða sem hentar breytilegu samfélagi frá leikskóla, fram yfir framhaldsskóla.
- Heimavist og fjölbreytt og öflugt framhaldsskólanám (góð kynning á námi).
- Stækkun skóla og bætt aðstaða. Fjölbreytt aðstaða fyrir námssamfélag.
- Gefa skólasvæði pláss og hafa það í góðri tengingu við íþrótt- og útivistarsvæði - huga að það nýtist íbúum og ferðamönnum.
- Gott og rúmgott skólahúsnæði og lóð sem hvetur til jákvæðni og gleði á meðal nemenda, góð aðstaða fyrir starfsfólk.
- Hlúa að mennta- og menningarstofnunum.
- Bjóða rannsóknarstofur og Háskóla velkomna.

Önnur þjónusta

- Stafræn nálgun á sögu bæjar, sýslunnar, jöklanna og þróun byggðar.
- Leiklistarhús (black box theater).
- Bætt aðgengi að leikskóla, heilbrigðisþjónustu og þjónustuíbúðum aldraðra.
- Koma upp húsnæði fyrir eldri borgara sem væri í takt við dvalarheimilin sem voru. Mikilvægt m.a. vegna þess að einsemd eldra fólks er orðið heilbrigðisvandamál í sjálfu sér.



3.5 Umhverfi, loftslagsbreytingar og útivist



Úrkomu og votlendi

- Blágrænar ofanvatnslausnir. Nota settjarnir til að hreinsa ofanvatn, jafna rennslistoppa og fanga mengun. Leyfa vatni að safnast í fallegar tjarnir. Veita úrkomuvatni í farveg og búa til læk. Rækta gróður sem dregur í sig mikið vatn .
- Huga þarf að aukinni úrkomu í bænum.
- Vernda votlendi og náttúrulegt gróðurfur.
- Hreinsa fráveitu meira áður en hún fer í viðtaka.
- Taka tillit til fjarðarins með sitt fjölbreytta lífríki. Varast of mikla mengun. Hrein strandlengja.
- Tjörn sem verður skautasvæði. Of langt fyrir krakka að fara út á Ósland. Tjörn að myndast sjálfkrafa inn í Hrossó.

Landris

- Nýta landris, ekki landfylling.
- Landfyllingar á þeim stöðum sem eru að þorna nú þegar vegna landriss.
- Landrisinu fylgja stór svæði sem eru laus í sér, því fylgir sandfok. Huga að því hvað

skal gera við uppfyllingarefni.

Landnotkun og vistvænn lífstíll

- Bæta umhverfisvænar samgöngur, m.a. vistvænar almenningsamgöngur.
- Nýta landið betur.
- Þéttari byggð til að það sé styttra í miðsvæði og minni notkun á bílum.
- Hvetja til göngu og hjólríða á milli staða.
- Rík athygli, stefna og aðgerðir í vistvænum samgöngum, til að draga úr notkun einkabíls.
- Gróðursetja meira og hugsa til langs tíma.
- Vernda fallegar náttúruperlur og umbreyta ekki of miklu.

Rannsaka áhrif

- Landris og hvernig leirur þróast, lífríki.
- Dýpkun hafnar, hvert fer uppgröfturinn? Áhrif á strauma og lífríki.
- Hindranir: skortur á rannsóknnum um lífríki í tengslum við landris og leirur.
- Rannsóknir á lífríki á leirum og náttúrulegri þróun (skoða land sem rís).
- Hvað á að nýta mikið af leirunum? Vantar rannsóknir og sýn.

Stór opin svæði

- Skilgreina græn svæði þannig að þau hafi sérkenni
- Nýtum náttúrusérkenni okkar betur; fallegri og aðgengilegri svæði við útsýnispunkta.
- Fleiri græn svæði, aðgengileg og gleðji augað.
- Vernda strandlínuna og Ægisíðu.
- Ekki fleiri rósarunna.
- Gróðursetja berjarunna sem almenningur gæti notfært sér.
- Stækkun útisvæðis fyrir eldri borgara.
- Leiksvæði fyrir öll börn í nærumhverfi þannig að börn þurfi ekki að fara yfir umferðargötur. Fleiri græn svæði nálægt byggð í göngufæri.
- Útisvæði alls staðar svo það sé gaman að stoppa og leika.
- Minnka grasslátt til að auka líffræðilega

- fjölbreytni.
- Kortleggja og gera skýra sýn um gróður. Huga þarf að náttúrulegri framvindu, lággróðri, tré (innlendar tegundir).
- Fjölbreytt græn svæði og leiksvæði. Nýta náttúruna í svæðunum.
- Gróðursetja og nýta landsvæði betur, færri dauð svæði hvort sem það er útivistarsvæði eða íbúðasvæði eða hvað sem er. Of mikið af dauðum svæði sem hafa ekki tilgang.
- Fókusinn mikið á útivistarsvæði. Bæði náttúrutengd en líka minni svæðin, gera þau meira nærandi. Mikið af tækifærum.

Hlutverk og not opinna svæða

- Opin græn svæði fyrir almenning til afnota t.d. með yfirbyggðu útigrilli, bekkjum, fallegum gróðri og leiktækjum. Tilvalið fyrir afmæli og tilbreyting fyrir fjölskyldur.
- Hreyfistöðvar, minigolf, frisbígolf, hreystibraut, göngustígar, aðstaða til vetrarsports, gönguskiði, leikvöllur, æfingasvæði, ratleikur, grill, eldur, aðventustemming, blakvöllur
- Horfa til jaðarhópa og fjölbreyttra notenda
- Bæta aðstöðu fyrir samkomur.
- Setja upp hátíðarsvæði sem gefur tilefni til viðburða og skemmtanahalds.
- Hundagerði.
- Myrkur er líka gæði.

Gróður og skjól

- Hægt er að nýta opin svæði betur með betra aðgengi og myndun skjóls með gróðursetningu.
- Hvernig er hægt að búa til skjólgóð svæði án þess að skerða útsýni og án þess að skerða lífbreytileika heldur frekar auka hann með innlendum tegundum?
- Á manngerðum svæðum þarf að huga að efnisvali svo hægt sé að njóta svæðisins í margs konar veðrum.
- Gróðursetja tré sem verða há og veita skjól.
- Fjölga fjölærum blómplöntum (túlípana í góðum knippum).

- Aukinn gróður til skjóls og skrauts kallar á umhirðu sem verður að tryggja.
- Gróður, til að skýla því sem er ekki fagurt, skýla fyrir vindi, bæta ásýnd gatna og hverfa.
- Bæta umhirðu gróðurs. Hindrun: færri í bæjarvinnu. Krakkar fá fulla vinnu í öðru, vantar mannskap. Enginn starfsmaður sveitarfélagsins sem sér sérstaklega um gróður.

Aðstaða og aðgengi


- Passa að svæðin séu aðgengileg öllum, líka fólki með fatlanir, og nýta svæði fyrir alla, t.d. skóla, leikskóla og ungmennafélög.
- Aðstaða til útiveru til hreyfingar þó rigni og blási. Góðir göngustígar sem víðast.

Minni svæði og rými innan byggðar

- Byggja upp fjölbreytt minni svæði í þéttbýli, huga að skjóli, gróðri, grillaðstöðu og fjölbreyttri notkun, ekki bara leiksvæði.
- Leggja áherslu á að fjölbreyttur hópur s.s. stórfjölskyldan geti notið saman. Sæti fyrir þau eldri og leiktæki eða annað fyrir þau yngri. Mögulega svæði þar sem hægt er að grilla eða snæða mat.
- Auka líf í umhverfinu, setja enn fleiri bekki meðfram göngustígum.
- Náttúrulegir áfangastaðir eftir skipulögðum gönguleiðum þar sem fólk/hópar eru leiddir með merkingum á milli staða. T.d. bláa leiðin, gula, græna, t.d. sólarganga.
- Í tengslum við gönguleiðir: búa vel að fallegum stöðum með bekkjum og útsýni til fallegar náttúru, fjalla og fjarðar.
- Leiksvæði fyrir börn og aðstaða til að dvelja og fá sér hressingu á góðum dögum. Með auknum trjágróðri, meira fuglalíf og líf yfirleitt.
- Gæta vel að snyrtilegu umhverfi.
- Huga að tengingum (sjá nánar undir stígakerfi).

Fjölbreytt afþreying utandyra fyrir mismunandi aldur

- Hafa leiksvæði sem náttúrulegust.
- Útileiktæki.
- Hreystibraut eða útilíkamsræktartæki.
- Fleiri bekki og staði til að sitja saman og hittast.
- Enn betri og fróðlegri merkingar um sögu og fróðleik.
- Nýr ærslabelgur.
- Leiksvæði og setusvæði fyrir alla aldurshópa.
- Lítinn skrúðgarð miðsvæðis.
- Einn góðan leikvöll (almenningssvæði) miðsvæðis í góðri tengingu við þjónustu.
- Leikvellir með náttúrufema, sjávarþema, íþróttapema.
- Litlir garðar af evrópskri fyrirmynd þar sem fólk á öllum aldri kemur saman.



3.6 Gatnakerfi, stígar og bílastæði



Gatnakerfi

- Góður hringakstur; Hafnarbraut og Víkurbraut. Jafnvel einstefna.
- Þrengja götur sem eru ekki stofngötur eða þjóðvegur. Þrengja veg við skóla.
- Lækka hámarkshraða niður í 30 á fleiri stöðum (Hafnarbraut, Sandbakkavegur og Ránarslóð)
- Minnka þungaumferð í íbúagötum og miðbæ.
- Fækka botnlöngum og fjölga hringtorgum
- Merkja pláss fyrir gangandi vegfarendur á vegum þar sem ekki eru góðar gangstéttir t.d. hafnarsvæði og athafnasvæði.
- Umferðarljós eins og við KA heimilið á Akureyri.
- Muna stefnuna um vistvænar samgöngur.
- Stefna um að draga úr notkun einkabíls (20 mín bær), hvað styður? Hjólaskýli / góð rými í byggingu.

Aðstaða við göngustíga

- Bæta lýsingu við göngustíga.
- Merkingar við göngustíga og að mikilvægum tengingum.
- Gott en fjölbreytt undirlag fyrir gangandi og hjólandi. Ekki malbika alla stíga.
- Meiri gróður til að mynda skjól fyrir gangandi og hjólandi.
- Planta fjölærum plöntum sem þurfa minni viðhald.
- Huga að aðgengi gangbrauta (lækka kanta og þess háttar).
- Fleiri ruslatunnur á göngustígum og á almenningsvæðum.
- Breikka og lagfæra stíga í rótgrónum hverfum.
- Gera ráð fyrir fjölbreyttum ferðamátum.
- Upplýsta stíga að almenningsþjónustu.
- Merkja göngustíga innanbæjar.

Stígakerfi

- Öflugar, fallegar og nytsamlegar hjóla- og gönguleiðir og góðar tengingar á milli svæða.
- Tenging milli Bárunnar og skóla: bæta lýsingu og gera svæðið meira nærandi.
- Tengja þarf göngustíg af Austurbraut út á Hafnarbraut.
- Mikilvægt að göngustígar myndi samfelld net um allan bæinn, þ.á.m. ein hringleið um bæinn. Tengja strandstíginn í hring.
- Mismunandi leiðir fyrir hjólandi og gangandi.
- Göngu- og hjólastíg vantar austan Hafnarbrautar.
- Stíg þarf samhliða nýjum þjóðveg inn í bæinn fyrir hjólandi o.fl.
- Huga að því hvernig gangandi og hjólandi komast yfir þjóðveg í þéttbýli.
- Þegar nýi vegurinn við Hafnarnes er tilbúinn þarf að huga vel að notkunarmöguleikum fyrir útivist, hjól o.fl.
- Huga að hjóla og gönguleiðum sem tengjast nýrri upplifun þegar stórumferð hverfur úr nærumhverfi.

Fyrirkomulag bílastæða

- Áningarstaði og torg fyrir framan þjónustuhúsnæði frekar en bílastæði. Bílastæði þurfa ekki að vera við hverja byggingu en í göngufæri og vel tengd við stíga.
- Fækka bílastæðum, fleiri sleppistæði.
- Setja gróður við bílastæði, samanber bílastæði við Skreiðarskemmu
- Rútustæði í jaðri bæjar og sleppistæði við Nettó og Höfn.
- Huga að bílastæði við nýjan verslunarkjarna þar sem er hvetjandi að skilja bílinn eftir og labba, hjóla og hoppa niðrí bæ.
- Bílastæði við enda hafnar í staðinn fyrir á bryggjunni, eða loka fyrir umferð á hafnarsvæði.
- Gera gott bílastæði í Útbæ svo ekki sé lagt á bryggjum. Skapa fallegan og góðan viðkomustað m. merktum stæðum.
- Slysahætta við Hafnarsvæði, tryggja öryggi.



Aðstaða fyrir hjól

- Hjólaskýli við opinberar byggingar.
- Hjólustæði við almenningsbílastæði.

Aðrar samgöngur

- Bæta flugvöllinn svo fjölbreyttari flugvélar geti lent, jafnvel millilandaflug.
- Tryggja samgöngur.
- Með því að auka millilandaflutninga á lofti og legi er hægt að minnka þungaflutninga um vegakerfið.
- Vegasamgöngur eru mikilvægar fyrir allt atvinnulíf.
- Sjálfkeyrandi strætó.



4 Viðhaldsverkefni

Hér er listi yfir þær ábendingar sem snúa ekki beint að endurskoðun aðalskipulags en geta gagnast sveitarfélaginu á annan hátt, til dæmis við forgangsröðun viðhaldsverkefna.

Gróður

- Meiri fjölæran gróður, minna viðhald.
- Viðhalda gróðri með markvissu starfi.
- Mun meiri gróður allstaðar.
- Gróðursetja berjarunna sem almenningur gæti notfært sér.
- Kortleggja og gera skýra sýn um gróður. Huga þarf að náttúrulegri framvindu, lággróðri, tré (innlendar tegundir).
- Minnka grasslátt til að auka líffræðilega fjölbreytni.
- Byrja að gróðursetja strax.

Skreytingar

- Seglin aftur upp að höfninni.
- Fleiri skreytingar á torg og svæði.
- Jólaskreyta bæinn.
- Merkja pípuhlið.
- Íbúum í þéttbýli sé gert að hafa umhverfið snyrtilegt á einkalóðum og því sé fylgt eftir.

Göturými

- Íbúar leggi ekki bílum á götum, sérstaklega ekki þar sem er mikil umferð.
- Fleiri ruslatunnur.
- Laga holur í stéttum og götum.
- Götur og gangstéttir séu afmarkaðar öðru en bílastæðum.
- Mála miðjur á götur; sérstaklega nýju Hafnarbraut.



Gatnakerfi

- Lækka hámarkshraða niður í 30 á fleiri stöðum (Hafnarbraut, Sandbakkavegur og Ránarslóð).
- Merkja við leiðir um bæinn, sérstaklega út úr bænum, ferðamenn villast.
- Merkingar á götunum sjálfum líkt og í Reykjavík og á Þjóðvegum.
- Mála miðjur á götur; sérstaklega nýju Hafnarbraut
- Gangbrautarljós við Hafnarbraut/Víkurbraut.
- Merkja leiðir um bæinn, sérstaklega út úr bænum, ferðamenn villast.
- Loka eða takmarka aðgengi umferðar á hafnarsvæði/vinnusvæði.
- Sópa götur og gangstíga.

Bílastæði

- Losna við „bílastæði“ í götum (bíla sem leggja í götum).
- Bílastæði fatlaðra þarf að bæta, sérstaklega við Nettó.
- Einkabílastæði eru of oft ófrágengin.
- Setja gróður við bílastæði, samanber bílastæði við Skreiðarskemmu.
- Draga úr slyshættu við hafnarsvæði með því að framfylgja banni við því að leggja á bryggju. Loka eða takmarka aðgengi umferðar á hafnarsvæði.
- Framfylgja banni við því að leggja bílum á atvinnusvæðum (bryggjan), lögregla framfylgi.
- Hjólastæði við almenningsbílastæði.
- Hjólaskýli við opinberar byggingar.
- Aðkoma að grænum svæðum aðgengileg, ekki geymslustaður fyrir fellihýsi o.fl.

Stígar

- Bæta lýsingu og merkingar. Lýsa upp stíga að almenningsþjónustu.
- Huga að aðgengi allra.
- Fleiri ruslatunnur á göngustígum og á almenningsvæðum.
- Lagfæra stíga í rótgrónum hverfum, breikka t.d.
- Laga þarf gangstíga í íbúðarhverfum.
- Merkja og lýsa upp stíga í eldri íbúðarhverfum (ekki skærar lýsingar).
- Enn betri og fróðlegri merkingar um sögu og fróðleik.

Íbúðarsvæði

- Endurbætur á núverandi göngu- og gangstéttum.
- Viðhald á núverandi íbúðarsvæðum, laga hellur og gangstéttir.

Íþróttamannvirki

- Stúka í íþróttahúsi.
- Mála veggj.
- Mottur á gólfið.
- Hafa snyrtilegt.

